

# Fréttabréf BR

Kæru félagar.

Þá er að ljúka þessu starfsári félagsins sem hefur verið með nokkuð hefðbundnum hætti. Aðsókn hefur verið nokkuð þokkaleg, en mikill vill meira. Helsta nýjungin í vetur var kjör bronsstigameistara og lokað einmenningsmót bronsstigahæstu félaga í B.R. með veglegum verðlaunum. Mönnum þótti þetta takast með ágætum, og vonandi verður þetta fastur liður á dagskrá félagsins í framtíðinni. Aðsóknin á föstudagskvöldum var fremur dræm, og þegar leið á veturinn voru uppi áform um að hressa svolítið upp á sakirnar með alls kyns uppákomum, en ekki varð úr þar sem langt var liðið á vertíðina. Vonandi verður þessu samt fylgt eftir, svo að við getum við hlakkað til föstudagskvöldanna í haust.

Eins og ég minntist á í síðasta pistli hef ég í hyggju að leggja fram lagabreytingar á aðalfundinum, 14. júní, í þá veru að stofnuð verði "heiðursakademía" sem komi í stað kosningar heiðursfélaga, og eru félagar hvattir til þess að mæta á aðalfundinn ef þeir hafa eitthvað við þær hugmyndir að athuga eða vilja styðja þær. Raunar væri gaman að upplifa einu sinni aðalfund þar sem fundargestir eru fleiri en meðlimir sitjandi stjórnar!

Ég hef ekki verið nógu hress undanfarið og hef því í hyggju að segja af mér formennsku. Ég hef fundið að mig hefur stundum skort þrek eða frumkvæði til þess að fylgja eftir þeim metnaði sem ég hef fyrir hönd félagsins og tel því mál að linni. Það er hinsvegar góður kraftur í meðstjórnendum mínum, og vonandi fáum við að njóta dugnaðar sem flestra þeirra á komandi starfsári.

Að lokum vil ég þakka hlýja strauma sem ég hef talið mig finna frá félagsmönnum og óska svo félaginu góðs gengis.

Gylfi Baldursson

## ➤ Úrslit móta

Þriggja kvölda þorrabötler fór fram eftir að Reykjavíkurmótinu í sveitakeppni lauk, dagana 24., 31. janúar og 7. febrúar. 36 þör spiluðu þessa fjöregu keppni og fóru leikar þannig:

1. 137 Matthías G. Þorvaldsson – Magnús Eiður Magnússon
2. 125 Kristján Blöndal – Jón Sigurbjörnsson
3. 100 Sigurbjörn Haraldsson – Vilhjálmur Sigurðsson jr.
4. 82 Hrannar Erlingsson – Sveinn Rúnar Eiríksson
5. 80 Rúnar Gunnarsson – Haraldur Ingason
6. 69 Hlynur Garðarsson – Kjartan Ásmundsson

Næstu tvö þriðjudagskvöld voru eins kvölds tvímenningar og var þátttaka í minna lagi en Bridgehátíð var haldin um miðjan febrúar. Sigurvegarar 14. febrúar voru Sigurður Björgvinsson og Snorri Steinsson og 21. febrúar unnu Guðmundur Baldursson og Steinberg Ríkarðsson.

Aðalsveitakeppni BR var með hefðbundnu sniði, 5 kvölda sveitakeppni með monrad fyrirkomulagi, tveir 16 spila leikir á hverju kvöldi. Ferðaskrifstofa Vesturlands spilaði af miklu öryggi og stóðst skæð áhlaup frá sterkum sveitum Eyktar og Vinabæjar.

Lokastaðan:

1. 186 Ferðaskrifstofa Vesturlands
2. 179 Eykt
3. 179 Vinabær
4. 171 Grant Thornton
5. 169 Nicotinell
6. 167 Esso



Ferðaskrifstofa Vesturlands: Stefán Jóhannsson, Karl Sigurhjartason, Sævar Þorbjörnsson, Matthías G. Þorvaldsson og Magnús E. Magnússon. Einnig spiluðu í sigursveitinni Ljósbrá Baldursdóttir og Anton Haraldsson.



**Eykt: Aðalsteinn Jörgensen, Sverrir Ármannsson, Sigurbjörn Haraldsson og Bjarni Einarsson. Á myndina vantar Jón Baldursson og Þorlák Jónsson.**



**Vinabær: Páll Valdimarsson, Hermann Lárusson, Sigtryggur Sigurðsson, Þróstur Ingimarsson. Á myndina vantar Ragnar Magnússon og Runólf Pálsson.**

Eftir aðalsveitakeppna fór fram tveggja kvölda páskaþímenningur, 4. og 11. apríl, með þátttöku 16 para. Efstu þör urðu:

- |    |    |   |
|----|----|---|
| 1. | 55 | Kjartan Ásmundsson – Hlynur Garðarsson    |
| 2. | 53 | Óttar Ingi Oddsson – Páll Þórsson         |
| 3. | 51 | Halldór Úlfar Halldórson – Jón Ingbórsson |

4 kvölda aðaltvímenninngur BR fór fram 18. apríl – 9.maí. 30 pör tóku þátt. Páll Þórsson og Stefán G. Stefánsson leiddu mótið lengst af og stóðu uppi sem öruggir sigurvegarar.

1. 59,0% Páll Þórsson – Stefán G. Stefánsson
2. 56,4% Jón Baldursson – Þorlákur Jónsson
3. 54,8% Stefán Jóhannsson – Sverrir G. Kristinsson
4. 54,7% Jóhann Stefánsson – Birkir Jón Jónsson
5. 54,6% Ljósbrá Baldursdóttir – Matthías Þorvaldsson
6. 54,0% Alda Guðnadóttir – Stefanía Sigurbjörnsdóttir



Aðaltvímenningsmeistarar sáttir í mótslok Páll Þórsson og Stefán G. Stefánsson



Björgvin Már Kristinsson keppnisstjóri afhendir Þorláki Jónssyni og Jóni Baldurssyni silfverðlaunin og þeir virðast bara nokkuð sáttir.

Síðasta mót vetrarins var einmenningur fyrir 24 stigahæstu spilara BR yfir veturinn (þriðjudagskvöld+föstudagskvöld) Ekki gátu allir 24 efstu á listanum spilað og var þá farið niður listann til að fylla skörð þeirra. Stemningin var mjög góð í þessu móti og í hléi töfraði Michelle í sjöppunni fram veitingar handa spilurum. Fóru leikar þannig að bronsstigahæsti spilari vetrarins, Magnús Magnússon, gerði sér lítið fyrir og sigraði einnig í einmenningnum og fékk að launum veglegt gjafabréf frá Heimsferðum!

Efstu spilarar:

1. 174 Magnús Eiður Magnússon
2. 173 Páll Þórsson
3. 164 Guðmundur Baldursson
4. 160 Sverrir Ármannsson
5. 151 Þróstur Ingimarsson
6. 150 Gísli Steingrímsson
7. 147 Rúnar Gunnarsson
8. 146 Gylfi Baldursson
9. 143 Páll Valdimarsson
10. 143 Hrannar Erlingsson



Verðlaunahafar sem segja SÍS!  
Guðmundur Baldursson, Magnús E. Magnússon og Páll Þórsson



## ➤ Bronsstigakeppnin

Hér fyrir neðan er birtur listi yfir 32 stigahæstu spilara í BR í vetur. Einnig er birtur listi yfir efstu konur og yngri spilara.

1	Magnús Eiður Magnússon	429			
2	Matthías Þorvaldsson	413			
3	Sævar Þorbjörnsson	302			
4	Ómar Olgeirsson	287			
5	Ragnar S. Magnússon	284			
6	Hermann Friðriksson	282			
7	Páll Valdimarsson	280			
8	Steinberg Ríkarðsson	274			
9	Guðmundur Baldursson	267			
10	Hrólfur Hjaltason	265			
11	Sigurbjörn Haraldsson	261			
12	Anton Haraldsson	250			
13	Hermann Lárusson	245			
14	Þröstur Ingimarsson	245			
15	Gísli Steingrímsson	233			
16	Júlíus Sigurjónsson	229			
17	Magnús Sverrisson	223			
18	Þorlákur Jónsson	220			
19	Hrannar Erlingsson	214			
20	Jón Baldursson	208			
21	Sverrir Ármannsson	199			
22	Páll Þórsson	198			
23	Guðjón Sigurjónsson	193			
24	<u>Ómar Freyr Ómarsson</u>	193			
25	Gylfi Baldursson	192			
26	Sigtryggur Sigurðsson	189			
27	Aðalsteinn Jörgensen	183			
28	Rúnar Gunnarsson	181			
29	Sveinn Rúnar Eiríksson	181			
30	Bernódus Kristinsson	180			
31	Ísak Örn Sigurðsson	179			
32	Jón Ingbórsson	178			
			<b>Efstu konur</b>		
			1	Ljósbrá Baldursdóttir	175
			2	Hrafnhildur Skúladóttir	119
			3	Erla Sigurjónsdóttir	117
			4	Eva Baldursdóttir	108
			5	Alda Guðnadóttir	93
			6	Arngunnur Jónsdóttir	92
			7	Guðrún Jóhannesdóttir	92
			8	Geirlaug Magnúsdóttir	88
			9	Ragna Briem	82
			10	Þórunn Pálsdóttir	82
				<b>Efstu yngri spilarar</b>	
			1	Óttar Ingi Oddsson	122
			2	Eva Baldursdóttir	108
			3	Ari Már Arason	62
			4	Gabriel Gíslason	30



Magnús bronstkóngur



Ljósbrá bronsdrottning



Óttar bronsprius

➤ Aðalfundur

Aðalfundur Bridgefélags Reykjavíkur verður haldinn miðvikudaginn 14. júní klukkan 17:30 í húsnæði BSÍ að Síðumúla 37, 3. hæð. Á dagskrá eru lagabreytingar og venjuleg aðalfundarstörf. Félagsmenn eru hvattir til þess að fjölmenna og veitingar verða í boði stjórnar.

Stjórn BR þakkar fyrir veturinn

Gylfi Baldursson formaður  
Guðný Guðjónsdóttir varaformaður  
Ómar Olgeirsson gjaldkeri  
Ísak Örn Sigurðsson markaðsfulltrúi  
Arngunnur Jónsdóttir ritari

...njótið sumarsins og sjáumst hress við spilaborðið næsta haust...

